

# VESTURSVÆÐI

Fréttabréf, 2018



Eldgjá á sumardeg, mynd: Stefanía Ragnarsdóttir

## Fylgt úr hlaði

Markmið þessa fréttabréfs er að veita upplýsingar um starfsemi Vatnajökulspjóðgarðs á vestursvæði og vekja athygli á starfinu fram undan.

Langt og gott sumar er að baki hér á Vestursvæðinu. Hálendisvegir opnuðu venju fremur snemma og voru landverðirnir okkar komnir í alla sína sumarhaga um miðjan júní. Fyrirkomulag landvörslu var með svipuðu sniði og undarfarin ár. Alla daga vikunnar, yfir sumarið, voru sex landverðir að jafnaði að störfum á hálendinu og tveir í viðbót í Skaftárstofu.

Í lok ágúst fækkaði starfsmönnum í einn bæði í Laka og Eldgjá og um miðjan september lauk landvörslu á hálendinu á okkar vegum. Í heildina sinntu tólf manns þessum störfum, auk nokkurra sem komu í styttri afleysingar. Við eigum því láni að fagna að starfsfólkið okkar heldur tryggð við svæðið, langflestir sumarstarfsmennirnir hafa unnið hjá okkur áður. Þeir eru því vel heima á sínum

svæðum, takast á við verkefni sín af sívaxandi öryggi og nýta reynslu sína til að veita gestum okkar hlýjar viðtökur og vandaða fræðslu.

Sem fyrr leggjum við mikla áherslu á að ná til sem allra flestra gesta þjóðgarðsins, bjóða þá velkomna, fræða þá um sögu og sérkenni svæðisins og leiðbeina þeim um ábyrga umgengni og nauðsynleg öryggisatriði á ferðum um hálendið. Þannig vonumst við til að þeir fari heim ríkari af virðingu og væntumþykju í garð íslenskrar náttúru og eingöngu með jákvæðar minningar í farteskinu. Af framkvæmdum er það helst að fréttu að búið er að taka tilraunaholur á byggingarstæði væntanlegrar gestastofu við Sönghól, sunnan Skaftár og vonir standa til að framkvæmdir við hana hefjist á næstu mánuðum.

**Fanney Ásgeirsdóttir**, þjóðgarðsvörður  
**Jóna Björk Jónsdóttir**, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar



## Starfsmenn á vestursvæði

*Nokkrar breytingar hafa verið í starfsmannahaldi undanfarin misseri.*

Áramótin 2016/2017 tók Snorri Baldursson launalaust leyfi, vegna annarra verkefna og var Orri Páll Jóhannsson, þáverandi aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar settur í hans stað sem starfandi þjóðgarðsvörður vestursvæðis. Jóna Björk Jónsdóttir var ráðin til afleysingar í starf Orra Páls sem aðstoðarmanns þjóðgarðsvarðar. Snorri sagði í framhaldinu stöðu sinni lausri. Auglýst var eftir nýjum þjóðgarðsverði og Fanney Ásgeirsdóttir ráðin í starfið frá og með 1. júní 2017. Orri Páll sagði einnig upp starfi sínu sem aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar og ráðningarferli vegna þeirrar stöðu stendur yfir þegar þetta er skrifað.

Rétt er að nota tækifærið hér og þakka Snorra Baldurssyni og Orra Páli Jóhannssyni fyrir mikið og vel unnið starf í þágu svæðisins.

## Fréttir af starfsstöðvunum



*Lakagígar og Mýrdalsjökull, mynd: Árni Tryggvason*

### Laki og Eldgjá

Mest sóttu svæði þjóðgarðsins í Skaftárhreppi hafa fengið mjög jákvæða umfjöllun í samfélagsmiðlum þetta sumarið. Ljóst er að sú vinna sem unnin hefur verið á svæðunum síðustu ár er að skila sér og fá landverðir oft þakkir frá gestum fyrir hversu vel svæðunum er sinnt og hve vel hefur tekist að vernda einstaka náttúru þeirra. Á báðum stöðum eru landverðir til staðar lungann úr deginum, til að bjóða fólk velkomið og fræða það um svæðin, leiðbeina um umgengni og bjóða upp á stuttar fræðslugöngur á þeim tíma dags sem áætlunarrútur stoppa á svæðunum. Hér má sjá umsögn Árna Tryggvasonar, ljósmyndara og leiðsögumanns, með meiru, um kynni sín af landvörðunum okkar í sumar. Árni hefur m.a. unnið mikið að hönnun fræðsluefnis um náttúruna,

gönguleiðir o.fl. Umsögnina birti hann inni á facebook, í hóp sem heitir Bakland ferðaþjónustunnar. Hún er að sjálfsögðu birt hér með góðfúslegu leyfi höfundar:

**„Í gær skrapp ég austur í Lakagíga. Vantaði myndir þaðan til að þetta myndasafnið. Mig langar hér til hrósa því sem er að gerast þar... Snyrtileg aðstaða, bjart landvarðahús með afgreiðslu og salerni til hliðar. Landverðirnir taka vel og glaðlega á móti fólki og eru fullir vilja til að fræða og leiðbeina. Svona á að gera þetta.“**

Svona ummæli ylja okkur um hjartaræturnar og gefa vísbendingar um að við séum á réttri leið.



## Skaftárstofa

Gestastofa Þjóðgarðsins á Kirkjubæjarklaustri, Skaftárstofa, er sem fyrr starfrækt í samstarfi við Skaftárhrepp, Kirkjubæjarstofu, Frið og frumkrafta, Kötlu jarðvang og Skaftárelða og var hún opnuð um miðjan apríl. Í Skaftárstofu taka landverðir á móti gestum og upplýsa þá um svæðið, leiðbeina um aðkomu inn í Þjóðgarðinn og bjóða upp á sýningu á stuttmyndinni Eldmessan svo eitthvað sé nefnt. Til að koma í veg fyrir að loka þyrfti gestastofunni í haust hljóp Skaftárhreppur undir bagga og greiðir launakostnað fram að áramótum. Gestastofan er því enn opin og verður það vonandi áfram. Við þökkum Skaftárhreppi kærlega fyrir þessa aðstoð og vonandi munum við fá nægilegt fjármagn frá ríkisvaldinu á næsta ári til að geta haldið gestastofunni opinni í allan vetur.

## Hrauneyjar

Umhverfisstofnun og Vatnajökulsþjóðgarður gerðu með sér samstarfssamning um landvörslu á suðurhálandinu í sumar og fram á haust. Starfsstöðin er í Hálandis-miðstöðinni Hrauneyjum þar sem landverðir stóðu vaktina og veittu fræðslu og upplýsingar milli kl. 9:00 - 17:00 alla daga. Þeir miðluðu fróðleik til ferðamanna um Vatnajökulsþjóðgarð, Friðland að Fjallabaki og önnur svæði í nágrenninu ásamt því að leggja áherslu á ábyrga ferðahegðun. Einnig sinntu landverðirnir svokallaðri vegalandvörslu á suðurhálandinu og veittu öikumönnum upplýsingar um verndarsvæðin og nágrenni þeirra. Vegfarendur eru meðal annars upplýstir um mikilvægi þess að ganga vel um náttúruna, aka ekki utan vega og hafa náttstað á skilgreindum tjaldsvæðum. Þessi þáttur starfsins hefur skilað góðum árangri í bættri ferðahegðun gesta á hálandinu og byggt upp jákvætt samtal milli landvarða og ferðamanna.



Niðurföll við Nýjadal, mynd: Stefanía Ragnarsdóttir

## Ný gestastofa Þjóðgarðsins

Hönnun gestastofu Þjóðgarðsins, í nágrenni Kirkjubæjarklausturs, er nú á lokastigi og þegar hefur verið tekin prufuhola þar sem grunnurinn verður vonandi lagður á næstu mánuðum. Gestastofan á að rísa við Sönghól, framan við Skaftá til móts við sundlauginna. Til að tengja gestastofuna við byggðakjarnann og auðvelda aðgengi gesta þangað, en um leið að draga úr bílaumferð innan þorpsins, er stefnt að því að reisa göngubrú yfir Skaftána. Áætlað er að gestastofan verði tilbúin haustið 2019.



Öræfi vestursvæðis, mynd: Stefanía Ragnarsdóttir

## Nýjadalur

Nyrsta starfsstöð vestursvæðis er Nýjadalur í Ásahreppi en þar er viðvera landvarða frá opnun Sprengisandsvegur um miðjan júní og fram í september. Boðið var upp á fræðslugöngu í Nýjadal alla daga kl. 10:00 sem gestir tjaldsvæðis og skála Ferðafélags Íslands gátu nýtt sér. Vegalandvarsla, utanvegaakstursmál, viðhald gönguleiða, og upplýsingar til jeppa- og göngufólks eru stór hluti landvarðastarfsins á svæðinu. Heimsóknir innlendra og erlendra jarðvísindamanna eru árlegur viðburður í Nýjadal enda aukin virkni í Bárðarbungu undanfarin ár og hefur landið í kring því sýnt ýmsa vaxtaverki. Má til dæmis taka svokölluð niðurföll sem hafa verið að myndast og sjá má á myndinni hér til hliðar.



Á lóð fyrirhugaðrar gestastofu. Heimsókn umhverfisráðherra 24. júlí



# Ýmis samvinnuverkefni í heimabyggð

## Kirkjubæjarskóli

5. og 6. bekkur Kirkjubæjarskóla hafa verið að vinna að skemmtilegu söguramma verkefni í náttúrufræði í haust. Þar stofnuðu þau sinn eigin þjóðgarð og fléttuðu inn í þá vinnu nám um vistkerfi, með sérstakri áherslu á mismunandi gróðurlendi, fuglalíf og fleira. Við fengum þann heiður að vera þátttakendur í verkefninu. Við sögðum m.a. frá störfum í þjóðgarðinum og tókum atvinnuviðtal við umsækjendur sem krakkarnir höfðu skapað vegna stöðu þjóðgarðsvarðar. Hluti af því að nemendur kynntust störfum í þjóðgarðinum var að hópurinn undirbjó og sá um

fræðslugöngu í nágrenni skólans, í haust, í tengslum við Dag íslenskrar náttúru. Frábært verkefni og við kunnum nemendahópnum og kennaranum þeirra, Erlu Þóreyju Ólafsdóttur, bestu þakkir fyrir að hafa fengið að taka þátt. Þjóðgarðurinn er einnig þátttakandi í valáfanga á unglingastigi, annað árið í röð, með fleiri góðum aðilum og í næsta fréttabréfi, sem mun koma út á vordögum, færur við ykkur fréttir af því hvernig til tókst þennan veturinn.



Efsta mynd til vinstri er frá kynningu á þemaverkefni hinar tvær eru frá fræðslugöngu nemenda, myndir: Jóna Björk og Erla Þórey Ólafsdóttir

## Skátamót í Hólaskjólí

Það var venju fremur líflegt í vinnunni hjá landvörðum á Eldgjár- og Langasjávarsvæðinu í lok júlí, þegar 190 skátar, á aldrinum 18 – 25 ára, ásamt fylgdarliði settust að í Hólaskjólí í nokkra daga. Heimsóknin var hluti af heims-móti skáta (15th World Scout Moot). Einn liður í slíku móti er að allir þátttakendur eiga að inna af hendi nokkurra klukkustunda samfélagsþjónustu. Þjóðgarðurinn og Veiðifélag Skaftártungumanna, sem rekur Hólaskjól,

tóku höndum saman í þessu verkefni og árangurinn fór fram úr björtustu vonum. Nýjar gönguleiðir voru stíkaðar, stígar lagfærðir, villuslóðum eytt, unnið að uppgæðslu og ýmsum viðhaldsverkefnum. Landverðir undirbyggju einnig fræðslugöngu sem hluta af dagskrá mótsins. Fimm manna hópur sjálfbóðaliða var einnig við vinnu á svæðinu þessa daga og nýttust þeir vel sem liðsstjórar með skátahópnum.



Skátar á Sveinstindi, mynd frá facebook síðu World Sout Moot